

Sp.

8. Tillaga til þingsályktunar

[7. mál]

um ábyrgð ríkissjóðs á láni handa Flateyjarhreppi til þess að fullgera hraðfrystihús og fiskiðjuver í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 75 þús. kr. viðbótarlán, er Flateyjarhreppur hefur í hyggju að taka til þess að fullgera hraðfrystihús og fiskiðjuver í Flatey á Breiðafirði.

Greinargerð.

Árið 1947 var hafin almenn fjársöfnun í Flatey á Breiðafirði til þess að koma þar upp hraðfrystihúsi og fiskiðjuveri. Söfnuðust þegar 350 þús. kr. sem hlutafé, er skiptist á eftirfarandi hátt: 70 þús. frá íbúum, 130 þús. frá Kaupfélagi Flateyjar og 150 þús. frá Flateyjarhreppi. Hafði áætlun verið gerð um, að húsið mundi kosta um 680 þús. kr. Loforð fengust um lán: frá Fiskveiðasjóði Íslands 250 þús., frá Fiskimálasjóði 100 þús. og frá Landsbankanum 300 þús., eða alls 650 þús. kr., en þá var jafnframt gert ráð fyrir því, að húsið yrði stækkað allverulega frá því, sem hugsað var í fyrstu, og jafnframt gerð ný áætlun um 1 millj. kr. stofnkostnað.

Í maímánuði s. l. var byggingarkostnaður fiskiðjuversins orðinn um 1 millj. króna. Var þá því fé, bæði sem safnað hafði verið og tekið að láni, þegar eytt, en byggingunni hins vegar engan veginn lokið. Taldist svo til, að enn mundi þurfa 400 þús. kr. til að fullgera húsið. Var leitað á ný til sömu lánsstofnana um viðbótarlán, er nægði til þess að ljúka verkinu. Tókust um það samningar, að Landsbankinn veitti félaginu viðbótarlán að upphæð 125 þús. kr., Fiskveiðasjóður Íslands 50 þús. kr. og Fiskimálasjóður 50 þús. kr., allt gegn því, að hluthafar legðu fram 175 þús. kr. sem viðbótarhlutafé. Ákvað hreppurinn að leggja þá upphæð fram, og er hún þegar greidd. En með því að hreppurinn hafði þetta fé ekki handbært, varð hann að taka það að láni og jafnframt að skuldbinda sig til þess að endurgreiða af upphæðinni til lánveitanda 75 þús. kr. fyrir lok þessa árs. Hefur hreppurinn vilýrði fyrir láni með hagkvæmum kjörum til þess að mæta þeirri greiðslu, svo framarlega að hann geti gefið ríkisábyrgð fyrir upphæðinni. Er því tillaga þessi fram borin og þess vænt, að hún fái óskipt fylgi þingmanna.

Síðan ráðstafanir þær, sem að framan greinir, voru gerðar, hefur verkinu verið haldið áfram, og er búizt við, að því verði lokið fyrir lok þessa árs, svo að iðjuverið geti tekið til starfa snemma á næsta ári.